

# Velferðarvá

## – hvernig á að bregðast við kreppu?

Kynning á verkefnum **Norrænu velferðarvaktarinnar** í Norræna húsinu  
**fimmtudaginn 17. september 2015 kl. 12.00–13.15.**

**Verkefnið skiptist í nokkra meginþætti sem kynntir verða með stuttum framsögum:**

### **Ávarp ráðherra**

*Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra og samstarfsráðherra Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.*

### **Hamfarir og hlutverk félagsþjónustu**

*Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, greinir frá verkefni þar sem sérstök áhersla er lögð á hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga á tímum hamfara, hvernig megi samhæfa viðbrögð velferðarkerfa í kjölfar vár og efla viðnámsþrótt einstaklinga og samfélaga.*

### **Norrænir velferðarvísar – mikilvægi vöktunar**

*Sigríður Jónsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, kynnir undirbúning við þróun norrænna velferðarvísa sem koma til með að lýsa þróun velferðar á Norðurlöndunum.*

### **Fjölbjóðleg rannsókn á viðbrögðum við kreppum**

*Stefán Ólafsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, fjallar um afleiðingar fjármálakreppa á Norðurlöndunum, viðbrögð stjórnvalda og árangur af þeim.*

### **Efnahagskreppan 2008 og velferð almennings: Ísland í evrópskum samanburði**

*Agnar Freyr Helgason, doktor í stjórnmálafræði, greinir frá áhrifum kreppunnar 2008 á velferð almennings í Evrópu og helstu viðbrögðum evrópskra stjórnvalda við kreppunni.*

Norræna velferðarvaktin er eitt verkefna í formennskuáætlun Íslands. Hún er þriggja ára rannsóknarverkefni sem stendur yfir árin 2014–2016 og miðar að því að styrkja og stuðla að sjálfbærni norrænu velferðarkerfanna.

Kynningin er opin og allir velkomnir. Boðið verður upp á samlokur.  
Vinsamlegast skráið þátttöku á netfangið [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is)